

Þjóðin vill kjósa um ESB

Kjallari
Össur
Skarphéðinsson
Utanríkisráðgjafi



Skóðanakönnun Fréttablaðsins á mánudaginn sýndi enn og aftur að yfirgnæfandi meirihluti Íslendinga vill ljúka samningaviðræðunum við Evrópusambandið. Í þremur könnunum blaðsins á síðustu 15 mánuðum hefur um 2/3 hluti Íslendinga sagst vilja fá að kjósa um ESB-aðild. Skýrara getur það vart verið. Meirihluti íbúa á landsbyggðinni vill ljúka viðræðunum, innan Sjálfstæðisflokksins er hnúfjafnt milli stuðningsmanna viðræðna og þeirra sem vilja hlaupa frá miðju verki, og um þriðjungur Framsóknar vill klára málið. Þrátt fyrir mikinn andróður formanna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks síðustu daga, og þaulskipulagða tilraun til að safna undirskriftum á netinu gegn viðræðunum, heldur íslenska þjóðin sínu striki. Mikill meirihluti er eftir sem áður sammála um að besta leiðin til þess að taka upplýsta ákvörðun um kosti og galla aðildar sé að sækja um aðild, semja um aðild og leyfa þjóðinni að kjósa. Það er réttlætismál. Það er skynsemi.

Atvinnulífið þarf Evrópu

Evrópumálin eru eitt stærsta hagsmunamál okkar Íslendinga því þau snúast öðrum þræði um lífskjör okkar og framtíð. Með aðild að ESB getum við dregið úr verðbólgu og lækkad vexti, og þannig lækkad afborganir um háar fjárhæðir á ári hverju. Það munar um minna fyrir venjulegt fólk. Aðild mun efla erlenda fjárfestingu í atvinnulífinu sem þýðir að hagvöxtur mun aukast og störf verða til. Atvinna



er forsenda velferðar og við megum engan tíma missa. Og með aðild og síðar upptöku evru getum við skapað íslenskum fjölskyldum og fyrirtækjum traustari umgjörð til að gera langtímaáætlanir, og tækifæri til að geta borga niður skuldir í stað þess að sjá þær hækka í vátahring verðbólgu, vaxta og verðtryggingar. Reynsla annarra ríkja sem gengið hafa í ESB á undanförunum árum talar sínu máli: Hjá þeim hefur stöðugleiki aukist, fjárfestingar aukist og hagvöxtur aukist. Allt þetta þurfum við Íslendingar. En þetta gerist að sjálfsögðu ekki af sjálfu sér. Við þurfum sjálf að standa okkur en ESB veitir rétta umgjörð og aðhald, ekki síst þegar evrusamstarfið verður komið í gegnum yfirstandandi erfiðleika.

” Við þurfum sjálf að standa okkur en ESB veitir rétta umgjörð og aðhald.

Mikilvægur áfangi

Nýlega fengu íslensk stjórnvöld í hendur rýnskýrslu ESB um landbúnað. Þar er tvennt markvert. Í fyrsta lagi er fallist á þau sjónarmið Íslands að við munum aðeins ráðast í breytingar á löggjöf eða stofnunum þegar þjóðaratkvæðagreiðsla hefur farið fram og aðild verið samþykkt af íslensku þjóðinni. ESB krefst engra breytinga fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu, heldur einungis ákveðinna áætlana. Erfitt er að

halda því fram að áætlun sé aðlögun og þessi niðurstaða ESB hlýtur því að binda endi á „aðlögunarumræðuna“, annað væri þrákelkni. Í öðru lagi kemur skýrt fram að taka skuli tillit til sérstakra aðstæðna á Íslandi, sem felast m.a. í mikilvægi landbúnaðar fyrir fæðuöryggi, í erfiðum loftslagsskilyrðum og strjálbýli, og í lítilli stjórnsýslu. Skýrsla ESB er nánast fyrirmæli til samningamanna ESB um að taka tillit til Íslands sem sýnir glögglega að okkar fólk hefur haldið vel á málum við að útskýra okkar sérstöðu og sjónarmið. Með því að standa saman um hagsmuni Íslands og styðja við hina harðskeyttu samninganefnd okkar getum við náð hagstæðum samningi. Það er ekkert að óttast og allt að vinna í samningaviðræðunum við ESB.

